

78. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um aldursleyfi fyrir prestsefni.

1873.

10. septbr.

Samkvæmt þegnlegum tillögum kirkju- og kennslustjórnarinnar hefir Hans Hátign konunginum þóknast allramildilegast 8. þ. m. að veita prestaskólakandidat Oddgeiri Guðmundsen leyfi til að láta vígjast til prests, þótt hann ekki sé 25 ára að aldri.

Um leið og þetta verður yður hërmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og svo þér kunngjörð það, mælist stjórnarráðið til, að þér sjáið um, að meðfylgjandi leyfisbréf verði fengið fyrnefndum Oddgeiri Guðmundsen í hendur.

79. Konungleg Auglýsing um að konungur sé kominn heim aptur. (á Íslenzku og Dönsku).

24. septbr.

Vér Christian hinn Níundi o. s. frv. Gjörum kunngætt: Eptir að Vér erum aptur heim komnir úr ferð Vorri til útlanda, kunngjörum Vér hær með Vorum kærú og trúú þegnum, að Vér höfum sjálfir í dag tekið við ríkisstjórninni, sem Vér með Vorri konunglegu auglýsingu 1. þ. m., samkvæmt 1. grein í lögum, 11. febr. 1871, höfum falið á hendur í fjærvist Vorri syni Vorum elskulegum, hans konunglegu tign, krónprinzi Christian Frederik Vilhelm Carl.